

## Málþing um umbúðaúrgang haldið á Grand hótél, 14. nóvember 2005

Ég mun halda mig við þá grein endurvinnslu og það fyrirtæki sem ég hef verið tengdur í bráðum 17 ár. Fjalla um skilagjald, að hvaða markmiðum skuli stefnt, kostnað og framtíðarsýn mína.

Hlutafélagið Endurvinnslan hóf starfsemi 7. júní 1989 og lýtur lögum og reglugerðum sem sérstaklega voru sett um starfsemi hennar.

Upphafið var að á árinu 1988 varð bylting í umbúðum öl og gosdrykkja með tilkomu dósa á markað hér. Dósir þessar voru með flipa sem losnaði frá þeim við opnun og þá mátti brátt sjá sem rusl um allar jarðir.

Bæði hér í borginni og á víðavangi mátti sjá dósir um allt og virtist engum koma það við. Þetta var í raun meira vandamál en fólk almennt gerir sér grein fyrir. Eitthvað varð að gera og eins og alltaf þarf mann með völd til að fá áhuga á málinu og svo var hér.

Það má gjarnan koma fram á þessu málþingi að maður þessi var Jón Sigurðsson þá iðnaðar- og viðskiptaráðherra en umhverfisráðuneytið var þá ekki enn komið til sögunnar. Ráðherrann tók mjög ákveðið á málinu og í ársbyrjun 1989 boðaði hann til fundar með hagsmunaaðilum og fleirum.

Ekki var almennur áhuga fyrir þessu, hvorki hjá framleiðendum né öðrum, en ráðherra tilkynnti okkur umbjóðendum framleiðenda að fyrirtæki um söfnun einnota umbúða yrði sett á stofn. Framleiðendur voru með frá upphafi og tóku virkan þátt í mótun og rekstri Endurvinnslunnar.

Ráðherra fékk ýmsa fleiri aðila sem flestir tengdust sölu og dreifingu vöru í einnota umbúðum til að vera með. Stærstir þeirra voru ÁTVR, Kaupmannasamtökin, þáverandi Ísal og Járnblendid auk nokkurra smærri aðila en ríkið er einnig hluthafi.

Rekstur Endurvinnslunnar hefur, þegar á heildina er litið, gengið ágætlega, oftast verið réttum megin striks, eins og sagt er, en meira hefur verið lagt upp úr söfnun en hagnaði.

Það tókst strax á fyrsta ári að hreinsa landið og skil undanfarinna ára hafa verið á bilinu 83 til 86%. Vægi endurvinnsluþáttarins hefur frekar verið að aukast og útlit er fyrir að hlutur beinna tekna af útflutningi áls og plasts í ár verði tæp 30% rekstrartekna, þrátt fyrir sterka krónu.

Framleiðendur standa undir mestum kostnaði rekstrarins og hafa því hagsmuni af að sem mestar tekjur fái fyrir útflutning, en góð samvinna hefur verið við þá frá fyrstu tíð. Það hefur auðveldað sölu afurðanna að þeir hafa hagað umbúðasamsetningu þannig, að þær séu sem verðmætastar til endurvinnslu. Allt gler þarf þó að urða, en það er drjúgur kostnaðarliður.

Það virðist ríkja sátt um starfsemi Endurvinnslunnar, en ekki verður fram hjá því litið, hvað við framkvæmum söfnunina á ólíkan hátt og gert er á hinum Norðurlöndunum. Nú á seinni árum hefur tæknibylting átt sér stað þar og eru þau lengst komin allra landa á þessu sviði og farin að flytja út þekkingu sína og tækni með góðum árangri. Þetta erum við nú að skoða, en sumt sem á hinum Norðurlöndunum er gert hentar ekki alveg jafn vel hér, vegna smæðar okkar. Ekki leikur þó vafi á því að með því að tileinka sér tækni og skipulag þeirra má ná fram sparnaði í rekstri hér.

Þó gagnrýni sé ekki til vinsælda, þá verður ekki hjá því komist í erindi þessu, að benda á það óréttlæti að mjólkurvöruíðnaðurinn hefur þessi 17 ár nánast verið “stíkk frí” og ekki þurft að taka ábyrgð á einnota drykkjarvöruumbúðum sínum. Tetra Pak umbúðir eru nánast einu drykkjarvöruumbúðirnar sem maður gengur fram á liggjandi á gangstígum og víðar innan borgarmarkanna og utan. Þessu þarf að taka á, því ekki á að skipta máli hvert innihald umbúðanna er. Reynslan segir okkur að árangur næst varla, nema með því að lagt sé á umbúðirnar skilagjald í einhverri mynd. Fólk tekur þátt, fái það greitt fyrir, þetta sjáum við best í árangri Endurvinnslunnar, borinn saman við nefndar umbúðir, sem fólk er þó jákvætt fyrir að safna. Mjólkurvöruumbúðunum þarf að skila samanbrotnum og þvegunum og greitt verði fyrir þær í kílóavís. Ef mönnum er full alvara með söfnun þessara umbúða þá tel ég að þetta sé leiðin. Hitt er svo annað mál að Endurvinnslan er ekki betur í stakk búin til að safna þeim saman og koma í endurvinnslu, en aðrir sem í endurvinnsluiðnaði eru, nema síður sé.

Þó mætti hugsa sér að Endurvinnslan tæki við mjólkurvöruumbúðum úr plasti, sem reyndar er gert nú undan kolsýrðum drykkjum þeirra, sem ekki innihalda mjólk. Fólk kemur með slíkar mjólkurvöruumbúðir í Endurvinnsluna, því finnst þær vera hliðstæðar við öl og gos og beri því skilagjald. Þessa hugsun fólks um sambærilegar umbúðir þarf að virkja.

Umræddar plastumbúðir þurfa þó að vera endurvinnanlegar, sem þær eru ekki. Handtína þarf þessar plastflöskur úr og urða með ærnum tilkostnaði. Flöskurnar sjálfar eru endurvinnanlegar en slívar utan um þær eru úr nyloni, sem ekki aðeins útilokar flöskurnar frá endurvinnslu heldur skemmir annað út frá sér. Þetta þarf að laga.

Hvað framtíðarsýn mína varðar þá hef ég lítið fram að færa, umfram aðra hér inni, en þó þetta.

Ég vona að viðhafður verði stöðugur, jákvæður áróður fyrir því sem endurvinnanlegt er, gjöld verði lögð á þar sem þarf. Að þetta hefjist í barnaskólum, sem nú er vísir að. Reynslan hefur sýnt að börn eru dugleg við að hafa áhrif á foreldra sína við að gera það sem þeim finnst heilbriggt og rétt.

Þá þurfa samtök atvinnuveganna stöðugt að kynna sínum félögum hvaða árangur hefur náðst í öðrum löndum við að draga úr umbúðanotkun. Mér er sagt að sorp hér á landi sé allt öðruvísi samansett og meiri eldmatur í því en annarsstaðar.

Stóri draumurinn er að allar umbúðir, sem hægt er að endurvinna, verði móttæknar, flokkaðar og meðhöndlaðar í þar til gerðum vélum, sem merkilegt nokk margar eru nú þegar til.

Eiríkur Hannesson  
Endurvinnslan hf.